# Ársskýrsla Námsgagnasjóðs

## skólaárið 2022-2023

**Samband íslenskra sveitarfélaga**
***júní 2023***

Lög um námsgögn voru samþykkt á Alþingi 28. mars 2007. Markmið laganna er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Í lögunum er kveðið á um stofnun Námsgagnasjóðs. Námsgagnasjóður hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Með tilkomu sjóðsins hafa grunnskólar aukið svigrúm til námsgagnakaupa til viðbótar við úrval Menntamálastofnunar, áður Námsgagnastofnunar. Grunnskólar fá áfram námsgögn frá Menntamálastofnun. Námsgagnasjóður starfar samkvæmt úthlutunarreglum Námsgagnasjóðs nr. 899, þær voru samþykktar 31. október 2016 (sjá fylgiskjal 1).

Fram til ársins 2012 var framlag í Námsgagnasjóð ákveðið í fjárlögum ár hvert. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í nóvember 2007. Vegna niðurskurðar í ríkisútgjöldum varð mennta- og menningarmálaráðuneytið (nú mennta- og barnamálaráðuneyti) að skerða framlög til sjóðsins. Í töflunni hér að neðan má sjá framlög til sjóðsins frá árinu 2007.

| Ár | Framlag í millj. kr. |
|---|---|
| 2023 | 74 |
| 2022 | 72 |
| 2021 | 64,2 |
| 2020 | 62,6 |
| 2019 | 61 |
| 2018 | 59,8 |
| 2017 | 54 |
| 2016 | 54 |
| 2015 | 54 |
| 2014 | 54 |
| 2013 | 40 |
| 2012 | 40 |
| 2011 | 40 |
| 2010 | 60 |
| 2009 | 50 |
| 2008 | 100 |
| 2007 | 100 |

Mennta- og menningarmálaráðherra (nú mennta- og barnamálaráðherra) skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einn stjórnarmaður er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður er skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Þann 2. mars 2020 var skipað í nýja stjórn Námsgagnasjóðs og er skipunartími hennar til 1. mars 2024. Á skólaárinu 2023-2024 urðu miklar breytingar á stjórn sjóðsins. Guðni Olgeirsson, formaður stjórnar, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands og Marta Guðrún Skúladóttir, án tilnefningar, hættu öll í stjórn sjóðsins. Þeim eru þökkuð vel unnin störf á undanförnum árum.

Eftirtaldir skipuðu stjórn Námsgagnasjóðs í lok skólaárs 2023:

***Aðalmenn:***
Sonja Dögg Pálsdóttir, án tilnefningar, formaður
Hlöðver Ingi Gunnarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Anna Guðrún Jóhannesdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands.

***Varamenn:***
Elisabeth Patriarca Kruger, án tilnefningar,
Svandís Ingimundarsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Þorsteinn Sæberg, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands.

Samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var undirritað 5. október 2011. Eitt af þeim verkefnum sem, samkvæmt samkomulaginu, færðust frá ríki til sveitarfélaga var fjármögnun og rekstur Námsgagnasjóðs. Umsýsla sjóðsins, sem frá stofnun sjóðsins hafði verið hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, (nú mennta- og barnamálaráðuneyti) færðist við undirritun samkomulagsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsýslukostnaður greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins voru Valgerður Freyja Ágústsdóttir og Anna Ingadóttir

Fjármunum sem eru til ráðstöfunar á ári hverju, að frátöldum umsýslukostnaði, er úthlutað til grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla. Grunnskólar með 150 nemendur eða færri fá reiknað álag á hvern nemanda.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins er grunnskólum einungis heimilt að ráðstafa fjármunum úr Námsgagnasjóði til kaupa á námsgögnum frá lögaðilum öðrum en Menntamálastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum úr Námsgagnasjóði til búnaðar- og tækjakaupa. Rekstraraðilar grunnskóla bera ábyrgð á að fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

Samkvæmt 5. gr. úthlutunarreglna Námsgagnasjóðs getur sjóðurinn kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla. Reynslan sýnir að grunnskólar eru að nýta úthlutað fjármagn til kaupa á námsgögnum samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins. Ekki er hægt að draga ályktun um notkun fjármuna Námsgagnasjóðs út frá þeim gögnum sem stjórn sjóðsins hefur kallað eftir því grunnskólar verja mun meiri fjármunum í kaup á námsgögnum en þeir fá úthlutað úr sjóðnum og geta því aðeins gert grein fyrir broti af því í skilagrein til sjóðsins. Til að einfalda stjórnsýslu sjóðsins ákvað stjórn Námsgagnasjóðs á fundi sínum 10. september 2020 að draga úr beinu eftirliti með styrkveitingum og árétta þess í stað eftirlitshlutverk sveitarfélaga. Hins vegar tekur stjórn Námsgagnasjóðs eftirlitshlutverkið alvarlega og mun nýta sér heimild til að kalla eftir upplýsingum um ráðstöfun úthlutunar þegar hún telur ástæðu til og ef minnsti vafi leikur á misnotkun á notkun fjármuna úr sjóðnum.

Heildartekjur sjóðsins árið 2022 voru 72.553.970.- af þeirri upphæð voru rúmlega 71 m.kr. úthlutað til grunnskóla (sjá fylgiskjal 2) fyrir skólaárið 2022-2023. Rekstrarafgangur frá fyrra ári var um 400 þúsund og umsýslukostnaður 800.000.- Umsýslukostnaður er til að standa straum af rekstri sjóðsins, sbr. 6. gr. úthlutunarreglna sjóðsins, þar með talið skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.

Stjórn Námsgangasjóðs telur mikilvægt að vinnu við heildarendurskoðun á stefnu um námsgögn sem staðið hefur yfir í nokkur ár verði lokið sem fyrst. Stjórn Námsgagnasjóðs bendir jafnframt á að núverandi framlög til sjóðsins hafa rýrnað mjög að raungildi frá stofnun hans 2007. Sé tekið mið af verðlagsþróun á tímabilinu 2007-2022 hafa framlög til sjóðsins skerst verulega að raungildi og er árið 2022 aðeins um þriðjungur af því sem það ætti að vera. Þannig eru framlögin einungis 72 milljónir en ættu að vera tæplega 208 milljónir árið 2022 m.v. verðlagsþróun.

Reykjavík, 25. október 2023
f.h. stjórnar Námsgagnasjóðs

Sonja D. Pálsdóttir

Sonja Dögg Pálsdóttir, formaður

*Fylgiskjal 1: Úthlutunarreglur Námsgagnasjóðs nr. 899/2016*

ÚTHLUTUNARREGLUR

**Námsgagnasjóðs.**

1. gr.

Hlutverk Námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn, sbr. 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007.

2. gr.

Fjármunum sem eru til ráðstöfunar á ári hverju, að frátöldum umsýslukostnaði, er úthlutað til grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla.

Grunnskólar með 150 nemendur eða færri fá reiknað álag á hvern nemenda sem hér segir:

a. 1-50 nemendur fá 20% hærri úthlutun.

b. 51-100 nemendur fá 10% hærri úthlutun.

c. 101-150 nemendur fá 5% hærri úthlutun.

Stjórn Námsgagnasjóðs hefur eftirlit með framkvæmd úthlutunar. Ákvörðun um úthlutun er endanleg og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

3. gr.

Greiðsla fyrir hvern grunnskóla, óháð rekstrarformi, er innt af hendi til rekstraraðila í septembermánuði ár hvert. Rekstraraðilar grunnskóla fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

4. gr.

Grunnskólum er einungis heimilt að ráðstafa fjármunum úr Námsgagnasjóði til kaupa á náms-gögnum frá lögaðilum öðrum en Menntamálastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum úr Námsgagnasjóði til búnaðar- og tækja-kaupa.

Grunnskólum er heimilt að færa óráðstafað úthlutunarfé á milli skólaára.

5. gr.

Námsgagnasjóður getur kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla. Komi í ljós við eftirlit að grunnskóli hafi ráðstafað fjármunum úr Námsgagnasjóði til annars en heimilað er í úthlutunarreglum þessum getur stjórn sjóðsins krafist endurgreiðslu.

6. gr.

Umsýslukostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins til að standa undir rekstri hans. Umsýslukostnaður skal að hámarki vera 3% af ráðstöfunarfé sjóðsins ár hvert.

Umsýsluaðili skal birta á vef upplýsingar um starfsemi sjóðsins.

7. gr.

Úthlutunarreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007 og öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 17. október 2016.*

**Illugi Gunnarsson.**

*Karitas H. Gunnarsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 31. október 2016

**Úthlutun úr Námsgagnasjóði skólaárið 2022-2023**

## Úthlutun úr Námsgagnasjóði skólaárið 2022-2023

| Sveitarfélag | Grunnskóli | Upphæð |
|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | Austurbæjarskóli | 609,232 |
| Reykjavíkurborg | Álftamýrarskóli | 634,868 |
| Reykjavíkurborg | Árbæjarskóli | 1,052,584 |
| Reykjavíkurborg | Ártúnsskóli | 263,900 |
| Reykjavíkurborg | Borgaskóli | 370,968 |
| Reykjavíkurborg | Breiðagerðisskóli | 585,104 |
| Reykjavíkurborg | Breiðholtsskóli | 652,964 |
| Reykjavíkurborg | Brúarskóli | 57,907 |
| Reykjavíkurborg | Dalskóli | 594,152 |
| Reykjavíkurborg | Engjaskóli | 372,476 |
| Reykjavíkurborg | Fellaskóli (Reykjavík) | 514,228 |
| Reykjavíkurborg | Foldaskóli | 704,236 |
| Reykjavíkurborg | Fossvogsskóli | 491,608 |
| Reykjavíkurborg | Grandaskóli | 517,244 |
| Reykjavíkurborg | Hagaskóli | 910,832 |
| Reykjavíkurborg | Hamraskóli | 281,996 |
| Reykjavíkurborg | Háteigsskóli | 714,792 |
| Reykjavíkurborg | Hlíðaskóli | 841,464 |
| Reykjavíkurborg | Hólabrekkuskóli | 716,300 |
| Reykjavíkurborg | Húsaskóli | 239,772 |
| Reykjavíkurborg | Hvassaleitisskóli | 283,504 |
| Reykjavíkurborg | Ingunnarskóli | 517,244 |
| Reykjavíkurborg | Klettaskóli | 188,425 |
| Reykjavíkurborg | Klébergsskóli | 164,674 |
| Reykjavíkurborg | Langholtsskóli | 1,060,124 |
| Reykjavíkurborg | Laugalækjarskóli | 560,976 |
| Reykjavíkurborg | Laugarnesskóli | 855,036 |
| Reykjavíkurborg | Melaskóli | 832,416 |
| Reykjavíkurborg | Norðlingaskóli | 898,768 |
| Reykjavíkurborg | Réttarholtsskóli | 616,772 |
| Reykjavíkurborg | Rimaskóli | 757,016 |
| Reykjavíkurborg | Selásskóli | 295,568 |
| Reykjavíkurborg | Seljaskóli | 972,660 |
| Reykjavíkurborg | Sæmundarskóli | 665,028 |
| Reykjavíkurborg | Vesturbæjarskóli | 470,496 |
| Reykjavíkurborg | Víkurskóli | 355,888 |
| Reykjavíkurborg | Vogaskóli | 527,800 |
| Reykjavíkurborg | Ölduselsskóli | 779,636 |
| **Reykjavíkurborg samtals** | | **21,928,657** |
| **Sjálfstætt starfandi** | | |

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | Barnaskóli Hjallastefnunnar Reykjavík | 260,884 |
| Reykjavíkurborg | Landakotsskóli | 473,512 |
| Reykjavíkurborg | Skóli Ísaks Jónssonar | 312,156 |
| Reykjavíkurborg | Suðurhlíðarskóli | 88,670 |
| Reykjavíkurborg | Tjarnarskóli | 94,552 |
| Reykjavíkurborg | Waldorfskólinn Sólstafir | 174,174 |
| **Reykjavíkurborg - sjálfstætt starfandi** | | **1,403,948** |
| | | |
| Kópavogsbær | Álfhólsskóli | 862,576 |
| Kópavogsbær | Hörðuvallaskóli | 1,289,340 |
| Kópavogsbær | Kársnesskóli | 945,516 |
| Kópavogsbær | Kópavogsskóli | 560,976 |
| Kópavogsbær | Lindaskóli | 678,600 |
| Kópavogsbær | Salaskóli | 885,196 |
| Kópavogsbær | Smáraskóli | 680,108 |
| Kópavogsbær | Snælandsskóli | 690,664 |
| Kópavogsbær | Vatnsendaskóli | 856,544 |
| **Kópavogsbær samtals** | | **7,449,520** |
| **Sjálfstætt starfandi** | | |
| Kópavogsbær | Arnarskóli | 61,526 |
| Kópavogsbær | Waldorfskólinn Lækjarbotnum | 122,751 |
| **Kópavogsbær - sjálfstætt starfandi** | | **184,278** |
| | | |
| Seltjarnarneskaupstaður | Grunnskóli Seltjarnarness | 879,164 |
| **Seltjarnarneskaupstaður samtals** | | **879,164** |
| | | |
| Garðabær | Álftanesskóli | 588,120 |
| Garðabær | Flataskóli | 630,344 |
| Garðabær | Garðaskóli | 874,640 |
| Garðabær | Hofsstaðaskóli | 809,796 |
| Garðabær | Sjálandsskóli | 384,540 |
| Garðabær | Urriðaholtsskóli | 235,927 |
| **Garðabær samtals** | | **3,523,367** |
| **Sjálfstætt starfandi** | | |
| Garðabær | Alþjóðaskólinn á Íslandi | 145,974 |
| Garðabær | Barnaskóli Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum | 202,675 |
| **Garðabær - sjálfstætt starfandi** | | **348,650** |
| | | |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Áslandsskóli | 698,204 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Engidalsskóli | 315,172 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Hraunvallaskóli | 922,896 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Hvaleyrarskóli | 576,056 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Lækjarskóli | 678,600 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Setbergsskóli | 631,852 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Skarðshlíðarskóli | 485,576 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Víðistaðaskóli | 740,428 |

| | | |
|---|---|---|
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Öldutúnsskóli | 919,880 |
| **Hafnarfjarðarkaupstaður samtals** | | **5,968,664** |
| **Sjálfstætt starfandi** | | |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Barnaskóli Hjallastefnunnar við Hjallabraut | 149,292 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | NÚ | 142,657 |
| **Hafnarfjarðarkaupstaður- sjálfstætt starfandi** | | **291,949** |
| | | |
| Mosfellsbær | Helgafellsskóli | 452,400 |
| Mosfellsbær | Krikaskóli | 159,245 |
| Mosfellsbær | Kvíslarskóli | 622,804 |
| Mosfellsbær | Lágafellsskóli | 971,152 |
| Mosfellsbær | Varmárskóli | 643,916 |
| **Mosfellsbær samtals** | | **2,849,517** |
| | | |
| Reykjanesbær | Akurskóli | 503,672 |
| Reykjanesbær | Háaleitisskóli (Reykjanesbæ) | 479,544 |
| Reykjanesbær | Heiðarskóli (Reykjanesbæ) | 610,740 |
| Reykjanesbær | Holtaskóli | 616,772 |
| Reykjanesbær | Myllubakkaskóli | 508,196 |
| Reykjanesbær | Njarðvíkurskóli | 616,772 |
| Reykjanesbær | Stapaskóli | 488,592 |
| **Reykjanesbær samtals** | | **3,824,288** |
| | | |
| Grindavíkurbær | Grunnskóli Grindavíkur | 832,416 |
| **Grindavíkurbær samtals** | | **832,416** |
| | | |
| Sveitarfélagið Vogar | Stóru-Vogaskóli | 242,788 |
| **Sveitarfélagið Vogar samtals** | | **242,788** |
| | | |
| Suðurnesjabær | Grunnskólinn í Sandgerði | 435,812 |
| Suðurnesjabær | Gerðaskóli | 363,428 |
| **Suðurnesjabær samtals** | | **799,240** |
| | | |
| Akraneskaupstaður | Brekkubæjarskóli | 701,220 |
| Akraneskaupstaður | Grundaskóli | 1,010,360 |
| **Akraneskaupstaður samtals** | | **1,711,580** |
| | | |
| Hvalfjarðarsveit | Heiðarskóli (Leirársveit) | 145,974 |
| **Hvalfjarðarsveit samtals** | | **145,974** |
| | | |
| Borgarbyggð | Grunnskóli Borgarfjarðar | 245,804 |
| Borgarbyggð | Grunnskólinn í Borgarnesi | 482,560 |
| **Borgarbyggð samtals** | | **728,364** |
| | | |
| Grundarfjarðarbær | Grunnskóli Grundarfjarðar | 155,927 |
| **Grundarfjarðarbær samtals** | | **155,927** |
| | | |

| | | |
|---|---|---|
| Stykkishólmsbær | Grunnskólinn í Stykkishólmi | 232,232 |
| **Stykkishólmsbær samtals** | | **232,232** |
| | | |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | Laugargerðisskóli | 19,906 |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur samtals** | | **19,906** |
| | | |
| Snæfellsbær | Grunnskóli Snæfellsbæjar | 318,188 |
| **Snæfellsbær samtals** | | **318,188** |
| | | |
| Dalabyggð | Auðarskóli | 149,292 |
| **Dalabyggð samtals** | | **149,292** |
| | | |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Grunnskóli Bolungarvíkur | 188,425 |
| **Bolungarvíkurkaupstaður samtals** | | **188,425** |
| | | |
| Ísafjarðarbær | Grunnskóli Önundarfjarðar | 12,667 |
| Ísafjarðarbær | Grunnskólinn Suðureyri/Suðureyrarskóli | 77,813 |
| Ísafjarðarbær | Grunnskólinn á Ísafirði | 562,484 |
| Ísafjarðarbær | Grunnskólinn Þingeyri | 65,146 |
| **Ísafjarðarbær samtals** | | **718,110** |
| | | |
| Reykhólahreppur | Reykhólaskóli | 57,907 |
| **Reykhólahreppur samtals** | | **57,907** |
| | | |
| Tálknafjarðarhrepppur | Grunnskólinn á Tálknafirði | 63,336 |
| **Tálknafjarðarhrepppur samtals** | | **63,336** |
| | | |
| Vesturbyggð | Bíldudalsskóli | 43,430 |
| Vesturbyggð | Grunnskóli Vesturbyggðar/Patreksskóli | 136,022 |
| **Vesturbyggð samtals** | | **179,452** |
| | | |
| Súðavíkurhreppur | Súðavíkurskóli | 19,906 |
| **Súðavíkurhreppur samtals** | | **19,906** |
| | | |
| Kaldrananeshreppur | Grunnskólinn á Drangsnesi | 12,667 |
| **Kaldrananeshreppur samtals** | | **12,667** |
| | | |
| Strandabyggð | Grunnskólinn á Hólmavík | 77,813 |
| **Strandabyggð samtals** | | **77,813** |
| | | |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | Árskóli | 553,436 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | Grunnskólinn austan Vatna | 117,775 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | Varmahlíðarskóli | 159,923 |
| **Sveitarfélagið Skagafjörður samtals** | | **831,134** |
| | | |
| Húnaþing vestra | Grunnskóli Húnaþings vestra | 231,176 |
| **Húnaþing vestra samtals** | | **231,176** |

| | | |
|---|---|---|
| | | |
| Húnabyggð | Grunnskólinn á Blönduósi/Blönduskóli | 220,093 |
| | Húnavallaskóli | 59,717 |
| **Húnabyggð samtals** | | **279,809** |
| | | |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | Höfðaskóli | 116,116 |
| **Sveitarfélagið Skagaströnd samtals** | | **116,116** |
| | | |
| Akureyrarkaupstaður | Brekkuskóli | 750,984 |
| Akureyrarkaupstaður | Giljaskóli | 636,376 |
| Akureyrarkaupstaður | Glerárskóli | 508,196 |
| Akureyrarkaupstaður | Hlíðarskóli | 32,573 |
| Akureyrarkaupstaður | Grunnskólinn í Hrísey/Hríseyjarskóli | 25,334 |
| Akureyrarkaupstaður | Lundarskóli | 696,696 |
| Akureyrarkaupstaður | Naustaskóli | 585,104 |
| Akureyrarkaupstaður | Oddeyrarskóli | 257,868 |
| Akureyrarkaupstaður | Síðuskóli | 535,340 |
| **Akureyrarkaupstaður samtals** | | **4,028,471** |
| | | |
| Norðurþing | Borgarhólsskóli | 440,336 |
| Norðurþing | Öxarfjarðarskóli | 47,050 |
| Norðurþing | Grunnskólinn á Raufarhöfn | 10,858 |
| **Norðurþing samtals** | | **498,243** |
| | | |
| Fjallabyggð | Grunnskóli Fjallabyggðar | 319,696 |
| **Fjallabyggð samtals** | | **319,696** |
| | | |
| Dalvíkurbyggð | Árskógarskóli | 48,859 |
| Dalvíkurbyggð | Dalvíkurskóli | 325,728 |
| **Dalvíkurbyggð samtals** | | **374,587** |
| | | |
| Eyjafjarðarsveit | Hrafnagilsskóli | 254,852 |
| **Eyjafjarðarsveit samtals** | | **254,852** |
| | | |
| Hörgársveit | Þelamerkurskóli | 119,434 |
| **Hörgársveit samtals** | | **119,434** |
| | | |
| Svalbarðsstrandarhreppur | Valsárskóli | 86,258 |
| **Svalbarðsstrandarhreppur samtals** | | **86,258** |
| | | |
| Grýtubakkahreppur | Grenivíkurskóli | 86,861 |
| **Grýtubakkahreppur samtals** | | **86,861** |
| | | |
| Þingeyjarsveit | Stórutjarnaskóli | 63,336 |
| Þingeyjarsveit | Þingeyjarskóli | 119,434 |
| Þingeyjarsveit | Reykjahlíðarskóli | 70,574 |
| **Þingeyjarsveit samtals** | | **253,344** |

| | | |
|---|---|---|
| | | |
| Langanesbyggð | Grunnskólinn á Þórshöfn | 106,163 |
| **Langanesbyggð samtals** | | **106,163** |
| | | |
| Fjarðabyggð | Grunnskóli Reyðarfjarðar | 297,076 |
| Fjarðabyggð | Grunnskólinn á Eskifirði | 231,176 |
| Fjarðabyggð | Nesskóli | 328,744 |
| Fjarðabyggð | Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar | 165,880 |
| Fjarðabyggð | Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli | 56,098 |
| **Fjarðabyggð samtals** | | **1,078,974** |
| | | |
| Múlaþing | Seyðisfjarðarskóli | 102,846 |
| Múlaþing | Fellaskóli (Fellabæ) | 160,904 |
| Múlaþing | Brúarásskóli | 63,336 |
| Múlaþing | Grunnskóli Djúpavogs/Djúpavogsskóli | 152,610 |
| Múlaþing | Grunnskólinn Egilsstöðum og Eiðum/Egilsstaðaskóli | 595,660 |
| **Múlaþing samtals** | | **1,075,355** |
| | | |
| Vopnafjarðarhreppur | Vopnafjarðarskóli | 121,092 |
| **Vopnafjarðarhreppur samtals** | | **121,092** |
| | | |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | Grunnskólinn í Hofgarði | 3,619 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | Grunnskóli Hornafjarðar | 386,048 |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður samtals** | | **389,667** |
| | | |
| Vestmannaeyjabær | Grunnskóli Vestmannaeyja | 812,812 |
| **Vestmannaeyjabær samtals** | | **812,812** |
| | | |
| Sveitarfélagið Árborg | Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri | 224,843 |
| Sveitarfélagið Árborg | Stekkjaskóli | 159,923 |
| Sveitarfélagið Árborg | Sunnulækjarskóli | 1,051,076 |
| | Vallaskóli | 930,436 |
| **Sveitarfélagið Árborg samtals** | | **2,366,278** |
| | | |
| Mýrdalshreppur | Grunnskóli Mýrdalshrepps/Víkurskóli | 94,552 |
| **Mýrdalshreppur samtals** | | **94,552** |
| | | |
| Skaftárhreppur | Kirkjubæjarskóli | 74,194 |
| **Skaftárhreppur samtals** | | **74,194** |
| | | |
| Rangárþin eystra | Hvolsskóli | 343,824 |
| **Rangárþin eystra samtals** | | **343,824** |
| | | |
| Rangárþing ytra | Grunnskólinn á Hellu | 212,176 |
| Rangárþing ytra | Laugalandsskóli í Holtum | 132,704 |
| **Rangárþing ytra samtals** | | **344,880** |

| | | |
|---|---|---|
| | | |
| Hrunamannahreppur | Flúðaskóli | 155,927 |
| **Hrunamannahreppur samtals** | | **155,927** |
| | | |
| Hveragerðisbær | Grunnskólinn í Hveragerði | 633,360 |
| **Hveragerðisbær samtals** | | **633,360** |
| | | |
| Sveitarfélagið Ölfus | Grunnskólinn í Þorlákshöfn | 370,968 |
| **Sveitarfélagið Ölfus samtals** | | **370,968** |
| | | |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | Kerhólsskóli | 88,670 |
| **Grímsnes- og Grafningshreppur samtals** | | **88,670** |
| | | |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | Þjórsárskóli | 79,622 |
| **Skeiða- og Gnúpverjahreppur samtals** | | **79,622** |
| | | |
| Bláskógabyggð | Bláskógaskóli - Laugarvatni | 87,916 |
| Bláskógabyggð | Bláskógaskóli - Reykholti | 157,586 |
| **Bláskógabyggð samtals** | | **245,502** |
| | | |
| Flóahreppur | Flóaskóli | 182,091 |
| **Flóahreppur samtals** | | **182,091** |
| | | |
| **Samtals** | | **71,349,437** |